



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2021  
R21040162

Borgarráð

### ***Starfshópur um skipulagningu Keldnaland***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um skipulagningu Keldnaland eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að undirbúa heildarskipulag fyrir svæðið umhverfis Keldnaland og eftir atvikum nærliggjandi atvinnusvæði og annast þær viðræður milli Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf. og eftir atvikum Reykjavíkurborgar og fjármálaráðuneytisins sem undirbúningurinn krefst.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Drög að erindisbréfi starfshóps um skipulagningu Keldnaland.

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um skipulagningu Keldnaland

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Í sáttmála um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sem undirritaður var þann 26. september 2019 af ríkinu og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu er í grein 3.b. gert ráð fyrir því að allur ágóði ríkisins af þróun og sölu Keldnaland renni til verkefna sáttmálans. Þá lýsti ríkisstjórnin í tengslum við Lífskjarasamningana svokölluðu því yfir að „ríkið og Reykjavíkurborg komist að samkomulagi um að hefja skipulagningu Keldnaland, m.a. með markmiðum um félagslega blöndun, og semji í framhaldinu um eignarhald og framkvæmdir.“ Í kjölfar undirritunar samgöngusáttmálans var áréttað af hálfu ráðherra ríkisstjórnarinnar að þessi yfirlýsing væri í fullu gildi. Lítur Reykjavíkurborg þannig á að ágreiningslaust sé milli ríkis og Reykjavíkurborgar að við undirbúning uppbyggingarinnar og skipulag svæðisins skuli sérstaklega gætt þess að tryggja félagslega blöndun, líkt og eðlilegt er í skipulagi. Enda segir á öðrum stað í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna Lífskjarasamninganna að „sveitarfélögum verði tryggðar heimildir í skipulagslögum til að gera kröfur um að allt að 25% af byggingarmagni samkvæmt nýju deiliskipulagi skuli vera fyrir almennar íbúðir, félagslegar íbúðir eða aðrar leiguíbúðir, hvort sem eigandi lands er sveitarfélag, ríki eða einkaaðili.“

### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að undirbúa heildarskipulag fyrir svæðið umhverfis Keldnaland og eftir atvikum nærliggjandi atvinnusvæði og annast þær viðræður milli Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf og eftir atvikum Reykjavíkurborgar og fjármálaráðuneytisins sem undirbúningurinn krefst.

### Helstu verkefni:

- Þátttaka og undirbúningur viðræðna Reykjavíkurborgar, Betri samgangna ohf og íslenska ríkisins um útfærslu á ofangreindu samkomulagi um skipulag og nýtingu Keldnaland.
- Fylgja eftir áherslum aðalskipulags varðandi góða nýtingu lands, samgönguinnviði, gæði byggðar, tímasetningu uppbyggingar, húsnæðismál og félagslega blöndun.
- Fylgja eftir samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarreitum.
- Undirbúningur að forsagnargerð.
- Undirbúningur hugmyndaleitar eða skipulagssamkeppni.

### Starfshópurinn skipa:

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi, formaður.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu.

Hrefna Þórsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

### Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi þar til skilgreindum verkefnum er lokið en geri grein fyrir framvindu mála eins og við á.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG